

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 406/2010 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2013 frá 4. maí 2013 öðlast eftirfarandi reglugerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1047/2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1924/2006 að því er varðar listann yfir næringarfullyrðingar. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28 frá 16. maí 2013, bls. 197.

2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a-e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerðin tekur þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. september 2013.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Halldór Runólfsson.**

*Eggert Ólafsson.*